

RÍKISENDURSKOÐUN

Vatnajökulspjóðgarður

Eftirfylgni 2022



Janúar 2023

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samantekt og niðurstöður	4
Vatnajökulspjóðgarður.....	5
Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2019 og viðbrögð.....	5

Inngangur

Í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila fylgir Ríkisendurskoðun eftir niðurstöðum stjórnsýsluúttekta sinna eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilgangur slíkrar eftirfylgni er að kanna hvort þeir annmarkar sem úttektir hafa leitt í ljós séu enn til staðar og hvort tillögur ríkisendurskoðanda til úrbóta hafi náð fram að ganga.

Samantekt og niðurstöður

Úttektin var unnin að beiðni þjóðgarðsins í kjölfar skýrslu Capacent um starfsemina sem leitt hafði í ljós ýmsar brotalamir. Markmið úttektar Ríkisendurskoðunar var að kanna hvort starfsemi þjóðgarðsins væri í samræmi við fjárheimildir, löggjöf og góða og viðurkennda starfshætti. Einnig að fjalla um ráðstafanir sem þjóðgarðurinn og ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála höfðu gripið til varðandi rekstur og stjórn hans.

Í skýrslunni setti Ríkisendurskoðun fram fjórar tillögur til úrbóta. Þrjár þeirra fjölluðu um stjórnun og eftirlit með starfseminni og ein um tekjustofna hennar.

Vatnajökulsþjóðgarður og eftir atvikum ráðuneytið hafa brugðist við þeim tillögum til úrbóta sem komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Úrbótum hefur verið hrint í framkvæmd eða eru í skilgreindum farvegi byggt á stefnu, markmiðum og skilgreindum áföngum.

Starfsemi þjóðgarðsins hefur verið endurskipulögð með ýmsum hætti, s.s. ýmsar aðgerðir til að efla miðlæga stjórnsýslu, m.a. með breytingu á skipulagi, ráðningum, virkara eftirliti með rekstri og framþróun í starfsmannamálum. Stjórnunar- og verndaráætlun er í stöðugri uppfærslu, atvinnustefna hefur verið samþykkt og reglugerð um þjóðgarðinn endurútgefin. Auk þessa eru önnur skipulagsskjöl og áætlanir ýmist uppfærðar eða í mótun. Að mati ráðuneytis var ekki talið nauðsynlegt að setja reglugerð til að skýra verkefni og ábyrgð innan stjórnkerfis þjóðgarðsins vegna framangreindrar þróunar.

Verkefni um gjaldtöku og þar með traustari tekjustofna er í þróun. Stoðir fyrir ákvarðanatöku hvað það varðar hafa verið styrktar m.a. með reglugerð og atvinnustefnu en eftir er að ljúka stefnumótun þjóðgarðsins þar um. Eins eru til staðar áskoranir á víðari grundvelli um mögulega ákvarðanatöku um samræmingu gjaldtöku á landsvísu.

Vatnajökulspjóðgarður

Skýrsla Ríkisendurskoðunar, [Vatnajökulspjóðgarður](#) (október 2019) var unnin að beiðni þjóðgarðsins sem óskaði eftir aðstoð í ljósi niðurstaðna úttektarskýrslu Capacent um starfsemi hans. Niðurstöður lágu fyrir í maí 2018 og fjölluðu m.a. um að verulegar brotalamir hefðu verið í stjórnun og rekstrareftirliti þjóðgarðsins og mikill skortur á formfestu.

Markmið úttektar Ríkisendurskoðunar var að kanna hvort starfsemi þjóðgarðsins væri í samræmi við fjárheimildir, þá löggjöf sem um hana gildir og góða og viðurkennda starfshætti. Einnig var fjárhagur og rekstur Vatnajökulspjóðgarðs endurskoðaður vegna reikningsársins 2017 með áherslu á stjórnfyrirkomulag og stjórnun þjóðgarðsins. Þá var miðað að því að skýra þær ráðstafanir sem Vatnajökulspjóðgarður og ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála höfðu gripið til í því skyni að bregðast við annmörkum sem höfðu verið á rekstri og stjórn þjóðgarðsins og fara yfir þróun starfseminnar á árinu 2018.

Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2019 og viðbrögð

Í skýrslu sinni tilgreindi Ríkisendurskoðun fjórar tillögur til úrbóta. Þrjár fjölluðu um stjórnun og eftirlit með starfseminni og ein um tekjustofna hennar. Fyrsta tillagan fjallar um ferli sem varða miðlæga stjórnsýslu.

Efla þarf miðlæga stjórnsýslu

Efla þarf miðlæga stjórnsýslu Vatnajökulspjóðgarðs og tryggja að hún hafi bolmagn til að hafa virkt eftirlit með fjárreiðum, bókhaldi og skuldbindingum þjóðgarðsins. Þá þarf að gæta samræmis í stjórn mannauðsmála á milli rekstrar-svæða, sérstaklega hvað varðar ráðningar og launasetningu.

Í viðbrögðum umhverfis- og auðlindaráðuneytis árið 2019 kom fram að ráðuneytið teldi að geta miðlægrar stjórnsýslu Vatnajökulspjóðgarðs hefði verið eflað til muna. Vísað var bæði til breytinga á skipulagi og fjölgun starfsmanna. Þá benti ráðuneytið á að í fyrirhuguðu endurfluttu frumvarpi til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða fælist markmið um að ná fram samlegðaráhrifum í rekstri, stjórnun og framkvæmdum ásamt öflugri miðlægri starfsemi.

Í viðbrögðum Vatnajökulspjóðgarðs 2019 var tekið undir tillöguna og tiltekið að þegar hefðu verið stigin mikilvæg skref en gera þyrfti betur. Tekið var dæmi um að mannauðsstefna hefði verið gefin út í desember 2018. Einnig kom fram að umsýsla sjóðsins myndi aukast, m.a. vegna vilyrðis um 764 m.kr. framlag frá Innviðasjóði vegna byggingar á þjónustuhúsum, salernum, stígum og brúm í Vatnajökulspjóðgarði á árunum 2019–21. Athygli var vakin á að styrkja þyrfti miðlæga skrifstofu þjóðgarðsins til að geta sinnt þessu stóra uppbyggingarverkefni. Því væri mikilvægt að ráða sem fyrst sérstakan verkefnisstjóra.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2022 vísaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til þess að geta miðlægrar einingar þjóðgarðsins hefði aukist til muna með ráðningum mannauðsstjóra, fræðslufulltrúa, lögfræðings, verkfræðings, verkefnisstjóra miðlunar og fræðslu- og verkefnisstjóra stjórnunar- og verndunaráætlunar. Einnig hafi stjórnsýsla vegna aðalstjórnar og svæðis-

ráða verið efld sem birtist m.a. í betri undirbúningi mála og að rekstur sé fastur dagskrárliður á fundum stjórnar. Þá hafi ráðuneytið upplýsingar um að mannauðsmál séu almennt komin í skýrt ferli og að starfsánægja hafi aukist samkvæmt könnunum á vegum Sameykis. Ráðuneytið skýrði einnig frá því að þótt frumvarp sem lagt var fram á vörpingi 2019 um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða hafi ekki náð fram að ganga sé mikil vinna og skoðun í gangi við bæði stofnana-skipulag ráðuneytis, verndun hálendisins og þess svæðis sem Vatnajökulspjóðgarður hefur þegar umsjón með.

Í svörum Vatnajökulspjóðgarðs 2022 kom fram að markvisst hafi verið unnið að úrbótum í stjórnsýslu og rekstri síðustu árin. Nýtt skipurit tók gildi 1. febrúar 2022 og fól í sér að miðlægrí skrifstofu var skipt í þrjú svið, þ.e. fjármála- og framkvæmdasvið, mannauðs- og fræðslusvið auk stjórnsýslusviðs. Þar vinna nú níu manns í fullu starfi. Skrifstofan starfar þvert á alla starfsemi þjóðgarðsins og vinnur náið með þjóðgarðsvörðum, stjórn og svæðisráðum. Teymisvinna hefur verið aukin. Mannauðsstjóri var ráðinn í 50% starf í maí 2019 en í upphafi árs 2022 breyttist starf hans í sviðsstjóra mannauðs- og fræðslu í 100% starfi. Nú eru ráðningar og launasetning unnin eftir sameiginlegu ferli á öllum svæðum undir yfirsýn sviðsstjóra. Þá kemur fram í svörum Vatnajökulspjóðgarðs að fleiri þættir hafi áunnist á sviði mannauðsmála t.d. hafi stefna og verklag í ýmsum mannauðsmálum verið uppfært, hæfnigreiningu starfa komið á, jafnlaunavottun verið náð ásamt samræmdum starfsmannasamtölum, boðið er uppá fjölda námskeiða o.fl.

Hvað hefur gerst: Gripið hefur verið til margháttaðra aðgerða af hálfu Vatnajökulspjóðgarðs til að efla miðlæga stjórnsýslu, m.a. með ráðningum, breytingu á skipulagi, virkara eftirliti með rekstri og framþróun í starfsmannamálum.

Önnur tillaga Ríkisendurskoðunar fjallaði um bæta þyrfti eftirlit með rekstri.

Bæta þarf eftirlit með rekstri

Tryggja verður að bæði tekjur og gjöld séu afstemmd og að bókhald stofnunarinnar gefi raunsanna mynd af rekstrinum hverju sinni. Kanna þarf möguleika á því að reikningar verði sendir rafrænt til allra samþykktaraðila en slíkt myndi bæta verklag og utanumhald um samþykkt og greiðslu reikninga. Bæta þarf yfirferð launaupplýsinga til að tryggja rétta greiðslu launa. Auk þess þarf að efla yfirsýn um samninga við rekstraraðila og framkvæmdir innan þjóðgarðsins. Einnig þarf að bæta verklag og eftirlit vegna styrkumsókna.

Í viðbrögðum umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 2019 tók það undir ábendingar Ríkisendurskoðunar varðandi mikilvægi þess að bókhald Vatnajökulspjóðgarðs gefi raunsæja mynd af rekstrinum á hverjum tíma ásamt ábendingum um launaafgreiðslu og samþykkt reikninga. Jafnframt tók það undir með framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs að breyting hefði orðið til batnaðar hjá stofnuninni hvað varðar eftirlit með rekstri og fjármálum. Þá benti ráðuneytið á að það hefði haft þjóðgarðinn undir auknu eftirliti frá því að rekstrarvandi hans varð ljós og m.a. látið gera úttekt á fjármálum stofnunarinnar veturinn 2018.

Í viðbrögðum Vatnajökulspjóðgarðs frá 2019 var m.a. greint frá því að frá sumri 2018 hafi markvisst verið unnið að því að skilgreina betur ferla og verklag í fjármálum þjóðgarðsins. Árangur þess hafi skilaði sér strax á seinni hluta ársins 2018. Með aðhaldi og aga í rekstri hafi tekist að

skila ársreikningi með jákvæðri niðurstöðu. Jafnframt kom fram að auk breytinga á vinnubrögðum við fjármál hafi verið unnið að því að greiða úr langvarandi uppsöfnuðum vanda vegna lokaskýrsla vegna Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og að þeirri vinnu væri að ljúka.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2022 taldi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti að fjármál og rekstur þjóðgarðsins væru í góðu jafnvægi. Stofnunin hafi verið rekin með afgangi og uppsafnaður halli verið greiddur. Góðar upplýsingar um starfsemi þjóðgarðsins væri að finna í árs-skýrslum stofnunarinnar sem allar eru aðgengilegar á vef Vatnajökulspjóðgarðs. Þá benti ráðuneytið á að skjalastjórnunarkerfi hafi verið tekið í notkun og skjalamálin almennt verið lagfærð frá því sem áður var. Með ráðningu verkfræðings á miðlæga einingu þjóðgarðsins hefur þjóðgarðurinn nú betra eftirlit og umsjón með framkvæmdum.

Í svörum Vatnajökulspjóðgarðs árið 2022 kom fram að bókhaldi stofnunarinnar hafi verið út- vistað til Fjársýslu ríkisins sem sjái einnig um gerð ársreiknings. Unnið hafi verið markvisst að því með Fjársýslunni að bókhaldsvinnsla sé samkvæmt lögum og reglum og að því marki hafi verið náð. Nær allir reikningar berist rafrænt til stofnunarinnar en Fjársýslan taki á móti þeim. Bókari þjóðgarðsins fari yfir sjálfvirka bókun Fjársýslunnar, breyti ef þarf og sendi til samþykktar hjá viðkomandi starfsmanni. Þaðan fari hann til samþykktar hjá sviðsstjóra fjármála- og framkvæmda. Að mati þjóðgarðsins er meðhöndlun reikninga og allt verklag varðandi þá rafrænt og eins og best verður á kosið.

Hvað varðar launagreiðslur þá hafi sviðstjóri fræðslu- og mannauðsmála yfirumsjón með öllum launagreiðslum, launagreiningar séu framkvæmdar reglulega og forsendur launaröðunar skýrt skráðar. Framkvæmdastjóri hafi einnig eftirlit með launagreiðslum með reglubundnum hætti. Þá kom fram að allir samningar séu skráðir rafrænt í sérstakt samningakerfi og þeir undirritaðir af framkvæmdastjóra, oftast rafrænt. Þá hafi sérstakur mannvirkja- og gæðafulltrúi verið ráðinn árið 2019 og hann haldi utan um allar verklegar framkvæmdir og styrkumsóknir vegna landsáætlunar um uppbyggingu innviða. Fjármála- og framkvæmdasvið hafi umsjón með og ber ábyrgð á samningum, þ.m.t. öllum samningum sem fjármagnaðir eru af landsáætluninni. Verklag vegna framkvæmda og styrkumsókna sé því skýrt og eftirlit virkt og að unnið sé að því að skjalfesta verklagsreglur um ferlið.

Hvað hefur gerst: Unnið hefur verið að umbótum í bókhaldi og er það mat stofnunarinnar að það sé í samræmi við lög og reglur. Komið hefur verið á samþykktarferli reikninga með rafrænum hætti og eftirliti með launagreiðslum hefur verið komið í endurbættan farveg. Úrbætur hafa einnig verið gerðar á yfirsýn um samninga, eftirliti með framkvæmdum og umsjón með styrkveitingum.

Þriðja tillaga Ríkisendurskoðunar varðaði skipulag og stjórnun Vatnajökulspjóðgarðs á víðum grunni og tengist fyrri tveimur tillögum hvað það varðar.

Skýrara stjórnskipulag og virk stjórnæki

Styrkja þarf skipulag og stjórnun Vatnajökulspjóðgarðs og festa í sessi þau stjórnæki sem eru nauðsynleg til að starfsemin nái markmiðum sínum. Koma verður á samþykktu skipuriti, skýrum starfslýsingum og verklagsreglum sem lúta að ákvörðunum tengdum rekstri og stjórnun á öllum stigum starfseminnar. Nýta verður heimildir til að setja reglugerð um verkefni og starfsemi stjórnar og svæðisráða og tryggja að stjórnunar- og verndaráætlun garðsins nýtist sem það stjórnæki sem henni er ætlað að vera.

Í viðbrögðum umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 2019 tók ráðuneytið undir að nauðsynlegt væri að skoða hvort hægt sé að tryggja betur skýra verkaskiptingu milli ólíkra aðila innan stjórnkerfis þjóðgarðsins með setningu reglugerðar, sbr. heimild þar um í 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 60/2007. Ráðuneytið hygðist hefja vinnu við slíka skoðun með hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem gilda um viðkomandi aðila.

Í viðbrögðum Vatnajökulspjóðgarðs frá 2019 voru reifuð ýmis atriði um tilurð stofnunarinnar, m.a. að farið hafi verið af stað með mikilli bjartsýni án þess að innviðir stofnunarinnar hafi verið tilbúnir og fjármögnun nefnd í því sambandi. Vísað var til þess að stjórn hafi unnið að samþykkt starfs- og siðareglu, unnið hafi verið að gerð starfslýsinga o.fl. Hins vegar væri talsverðri vinnu ólokið vegna grunnskipulags, s.s. við skipurit, framtíðarsýn og uppbyggingu skjala- og gæðamála. Fram kom að stjórnunar- og verndaráætlun væri eitt meginstjórnæki Vatnajökulspjóðgarðs og verkfæri til stefnumótunar og ákvarðanatöku. Samkvæmt lögum væri það á ábyrgð svæðisráða að koma með tillögur að þessum áætlunum. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefði sett sér tiltekin markmið um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar, þ.m.t. nýjum viðauka vegna þess að Breiðamerkursandur og Jökulsárlón voru færð undir þjóðgarðinn þann 25. júlí 2017, auk annarra atriða sem varða þessar áætlanir.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2022 vísaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti til þess að Vatnajökulspjóðgarður hafi sett sér skýra stefnu. Nýtt skipurit hafi verið samþykkt af stjórn og fyrir liggi skýrar starfslýsingar og verklagsreglur og að ljóst sé hvar ábyrgð í ákvarðanatöku liggur hverju sinni. Í ljósi þessara umbóta hafi ráðuneytið ekki talið ástæðu til að setja í reglugerð skýrari ákvæði um verkaskiptingu aðila innan stjórnkerfis þjóðgarðsins. Þá tilgreindi ráðuneytið að stjórnunar- og verndaráætlun hafi verið endurskoðuð en að eðli máls samkvæmt sé slík áætlun í stöðugri endurskoðun.

Í umsögn Vatnajökulspjóðgarðs 2022 var tekið fram að rík áhersla hafi verið lögð á útbætur í stjórnsýslu og stjórnun síðustu árin og að sú vinna sé enn í gangi. Ný stefna fyrir þjóðgarðinn hafi verið samþykkt af stjórn í mars 2021 sem sé liður í að þróa starfsemina áfram með markvissum hætti. Í henni séu m.a. skilgreindar lykilvörður fyrir ýmis verkefni sem varði leiðina að markmiðum til ársins 2025. Tekið var fram að innleiðing stefnunnar gangi vel og sé að mestu samkvæmt áætlun. Meðal annarra verkefna sem fela í sér úrbætur var nefnd uppfærsla á skipuriti í febrúar 2022 og uppfærsla starfslýsinga, sbr. umfjöllun undir áðurnefndum tillögum til úrbóta. Auk þeirra voru nefnd eftirfarandi verkefni:

- ✓ Ein af lykilvörðum í stefnu þjóðgarðsins er nefnd „ST9 Skilvirkni og samvinna – uppfæra stjórnunarhætti eða verklag“. Markvisst hefur verið unnið að þessu verkefni. Samkvæmt starfsáætlun veturinn 2022–23 er gert ráð fyrir útgáfu ýmissa verklagsreglna og leið-

beininga sem varða t.d. endurskoðun starfsreglna stjórnar- og svæðisráða, uppfærslu verklags samninga fyrir atvinnutengda starfsemi og aðrar leyfisveitingar, verklag vegna samskipta við lögreglu og uppfærslu verklags- og handbókar vegna vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar. Einnig verklag við vinnslu umsagna og annara erinda og verklag við skipulagsvinnu og aðrar framkvæmdir innan þjóðgarðsins.

- ✓ Leiðbeiningar um skipulag og stjórnunarfyrirkomulag voru samþykktar 2022 og í þessu samhengi hefur verið komið á fræðslu fyrir svæðisráð og stjórn og er fyrirhugað að slík fræðsla verði með reglubundnum hætti.
- ✓ Úrbætur hafa verið gerðar á skjalavistun og málafni stofnunarinnar sem er með rafrænum hætti.
- ✓ Unnið að rafrænni þjónustugátt, uppfærslu á heimasíðu.

Hvað hefur gerst: Úrbætur í skipulagi og stjórnun eru í skýrum farvegi og byggja á stefnu, markmiðum og skilgreindum áföngum. Ýmist hefur verið komið á eða unnið að ýmsum skipulagsskjölum s.s. áætlunum, verklagi eða leiðbeiningum sem styðja við þessa þróun. Nýtt skipurit tók gildi í febrúar 2022 og starfslýsingar liggja fyrir. Vegna þessa telur ráðuneytið ekki nauðsynlegt að setja reglugerð til að skýra verkefni og ábyrgð innan stjórnkerfis þjóðgarðsins.

Fjórða tillaga Ríkisendurskoðunar kallaði á úrbætur varðandi tekjustofna.

Traustari tekjustofna á öllum rekstrarsvæðum

Styrkja þarf tekjustofna allra rekstrarsvæða Vatnajökulspjóðgarðs. Grundvallaratriði er að lokið verði við nýja stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins og að innleidd verði skýr atvinnustefna líkt og lög nr. 60/2007 gera ráð fyrir. Setja verður reglugerð um samninga vegna atvinnutengdrar starfsemi og málsmeðferð þar um. Bæði myndi það stuðla að bættri stjórnsýslu auk þess sem eðlileg gjaldtaka vegna þjónustu, samninga og leyfisveitinga við þá aðila sem nýta sér auðlindir þjóðgarðsins í atvinnuskyni er forsenda þess að reksturinn verði sjálfbær.

Í viðbrögðum umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 2019 var tekið fram að drög að reglugerð um samninga vegna atvinnutengdrar starfsemi og málsmeðferð þar um lægju fyrir og að gert væri ráð fyrir að þau yrðu auglýst til kynningar í Samráðsgátt Stjórnarráðsins. Þá hefði ráðuneytið fengið þær upplýsingar frá Vatnajökulspjóðgarði að stjórn hans muni að öllum líkindum samþykkja atvinnustefnu þjóðgarðsins í júní [2019]. Jafnframt var bent á að atvinnustefnan og reglugerðin væru forsenda þess að framkvæmd verkefna um atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins gengi vel. Hvað varði styrkingu tekjustofna allra rekstrarsvæða benti ráðuneytið á að aukið fjármagn hefði verið sett í landvörslu allra rekstrarsvæða þjóðgarðsins auk þess sem áætlanir væru um frekari aukningu.

Í viðbrögðum Vatnajökulspjóðgarðs 2019 kom m.a. fram að með góðu skipulagi, eðlilegri mönnun og skýrum reglum væri hægt að auka sértekjur. Stjórnunar- og verndaráætlun, atvinnustefna, reglugerðir, samningssniðmát og umsóknarferlar væru m.a. forsendur þessa. Auk

Þess sem hægt væri í auknum mæli að nýta nýjustu tækni í samvinnu við einkafyrirtæki til að innheimta bílastæðagjöld á fleiri stöðum í Vatnajökulspjóðgarði en í Skaftafelli.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2022 vísaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið m.a. til þess að í mars 2020 hafi reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð verið endurútgefin. Í henni sé sérstakur kafli um atvinnutengda starfsemi og leyfisveitingar. Þá liggi fyrir samþykkt atvinnustefna þjóðgarðsins. Fyrstu skref hafi verið tekin í samningagerð við fyrirtæki á suðursvæði þjóðgarðsins og unnið að því að undirbúa útboð á leyfum til siglinga á Jökulsárlóni. Hvað varði traustari tekjustofna á öllum rekstrarsvæðum, þá hafi þjóðgarðurinn unnið að endurskoðun gjaldskrár og mati á því hvort ástæða sé til að taka upp gjalddöku á fleiri stöðum innan þjóðgarðsins en verið hefur. Ráðuneyti tók fram að Covid-19 heimsfaraldurinn hafi haft mikil áhrif til möguleika til tekjuöflunar árin 2020 og 2021 með þjónustu eða leyfisgjöldum.

Í umsögn Vatnajökulspjóðgarðs 2022 er einkum vísað til vinnu sem hefur farið fram undanfarin ár við stefnumótun um málefni atvinnutengdrar starfsemi í þjóðgarðinum til að undirbyggja ákvarðanir um gjalddöku til að standa undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur. Verkefnið sé hins vegar ekki einfalt og nauðsynlegt að samræma á landsvísu fyrirkomulag gjalddöku á náttúruverndarsvæðum og fjölförnum ferðamannastöðum. Hafi þeim sjónarmiðum ítrekað verið á komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Meðal verkefna á þessu sviði eru ýmis atriði m.a.:

- ✓ Atvinnustefna þjóðgarðsins sem samþykkt var 2019 og ný reglugerð um þjóðgarðinn svo sem ráðuneyti vísar til í umsögn sinni.
- ✓ Þriðja útgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn var samþykkt í júní 2022 og er áfram unnið að uppfærslu s.s. gerð viðauka vegna síðustu stækkana og undirbúningur hafin að næstu heildarendurskoðun.
- ✓ Árið 2020 auglýsti þjóðgarðurinn í fyrsta sinn leyfi til úthlutunar til að bjóða uppá íshellaferðir og jöklagöngur á suðursvæði þjóðgarðsins. Um var að ræða þróunarverkefni sem hafi orðið fyrir áhrifum af Covid-19 faraldrinum. Áfram er gert ráð fyrir að fyrirtæki í rekstri hafi samning við þjóðgarðinn og er þriðju úthlutun vegna 2022–23 nýlokið. Gjaldtaka er enn sem komið er bundin við útgáfu leyfis en áformað er að halda þróun þessa verkefnis áfram.

Önnur atriði sem varða þróun í gjalddöku voru nefnd í umsögn þjóðgarðsins t.d. að lög um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni hafi verið samþykkt á Alþingi árið 2021. Þau skapi möguleika á samræmdri framkvæmd fyrir allt landið, þ.m.t. um gjalddöku til þeirra sem vilja nýta land í atvinnuskyni og verja því til innviða. Í dag er til staðar gjaldtaka í Skaftafelli fyrir veitta þjónustu, s.s. salernisaðstöðu, fræðslu, gistingu og vegna leyfa og samningagerð fyrir atvinnutengda starfsemi. Áfram er unnið að stefnu um meginlínur í fyrirkomulagi um gjalddöku í þjóðgarðinum og gert ráð fyrir að sú stefna liggi fyrir á síðari hluta árs 2022. Í tengslum við gerð stefnumótunar fyrir uppbyggingu á Jökulsárlóni er unnið að sviðsmyndagreiningu fyrir fjármögnun og fyrirkomulag uppbyggingar og rekstrar annars vegar og fyrirkomulag úthlutunar leyfa/aðstöðu hins vegar.

Þjóðgarðurinn tekur fram að æskilegt er að ná fram samræmdri stefnumótun og framkvæmd gjalddöku fyrir landið allt.

Hvað hefur gerst: Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins er í stöðugri uppfærslu og þriðja útgáfa áætlunarinnar var samþykkt 2022. Í samræmi við lög nr. 60/2007 var atvinnustefna þjóðgarðsins samþykkt 2019. Í nýrri reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð frá 2020 er sérstakur kafli um atvinnutengda starfsemi og leyfisveitingar. Þá voru lög um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni samþykkt á Alþingi árið 2021. Framangreint rennir stoðum undir möguleika á þróun og ákvarðanatöku um gjaldtöku og bættri stjórnsýslu og leiðir til styrkari tekjustofna. Enn er eftir að ljúka við stefnumótun um gjaldtöku og útfærslu leiða en sú vinna er í þróun og mótuðum farvegi.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is